

Sveitarfélagið Vogar
b/t Sigurður H. Valtýrsson
Iðndal 2
190 Vogar

Reykjavík, 21. nóvember 2019
UST201911-058/A.B.
10.04.00

Efni: Breyting - Aðalskipulag Voga 2008 - 2028 og deiliskipulag – vatnsból

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Voga er barst 14. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um kynningu á breytingu á aðalskipulagi Voga 2008 – 2028 og tillögu að deiliskipulagi fyrir fyrirhugað vatnsból þéttbýlisins í Vogum (VB 2).

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar kemur fram að breytingin gengur út á breyta staðsetningu á fyrirhuguðu vatnsbóli þéttbýlisins í Vogum (VB-2).

Hraun

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar og deiliskipulagsins kemur fram að brunnsvæðið er á hraunsvæði sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og skal halda öllu umhverfisraski í lágmarki og huga að verndun hrauns við framkvæmdir.

Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun telur að tillagan geti haft neikvæð umhverfisáhrif á hraun sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun leggur áherslu á það fjallað sé um hraunið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask hraunsins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta

sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúrumuinjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Náttúrumuinjaskrá

Í greinargerð kemur fram að Seltjörn og Snorrastaðatjarnir séu á náttúrumuinjaskrá, auk þess bendir stofnuni á að tjarnirnar falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að það komi fram hver áhrif tillögunnar séu á tjarnirnar og hvort tillögurnar muni hafa áhrif á grunnvatn tjarnanna.

Vegir

Í greinargerð deiliskipulagsins kemur fram að viðfangsefni deiliskipulagsins er m.a. að skilgreina og setja skilmála vegna mannvirkja fyrirhugaðs vatnsbóls, sem eru m.a. borholur, dæluhús, lagnir og þjónustuvegur.

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir þjónustuvegi frá fyrirhuguðu vatnbóli að núverandi þjónustuvegi meðfram Suðurnesjalínu sunnan Reykjanesbrautar. Vegurinn er ekki sýndur á uppdrætti aðalskipulags, en grein verður gerð fyrir veginum í deiliskipulagi.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands.

Slik vegaskrá er jafnframt háð samþykki Umhverfisstofnun þegar svæði liggja innan friðlýstra svæða eða annarra stjórnvalda þjóðgarða þegar við á.

Í 3. mgr. ofangreindra laga segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skal sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum veki skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrfarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.

Við gerð skránnar skulu sveitarfélög jafnframt hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríksins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarfélaga, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar.


Vegagerðin heldur utan um skrána en sveitarfélög bera ábyrgð á að senda tillögur þegar vinna við aðalskipulag fer fram.

Skráin hlýtur samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi, sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson
sérfræðingur



Björn Stefánsson
sérfræðingur